



Kæru dönskukennarar

Fréttabréf maí 2016

### Niðurstöður úr skoðanakönnun FDK

Stjórn FDK stóð fyrir viðhorfskönnun meðal félagsmanna sinna á vorönn 2016.

138 félagsmenn tóku þátt í könnuninni og er það vel yfir 50% félagsmanna. 30,6% eru framhaldsskólakennarar og 67% grunnskólakennarar, 2,2% eru í öðrum störfum. Í netkönnunum er algengt hlutfall um 30% svo þetta er mjög góð þátttaka. Hestu niðurstöður eru eftirfarandi:

91.2% félagsmanna telja það skipta mjög miklu/miklu máli að hafa fagfélag eins og FDK.

Félagsmenn töldu allt mikilvægt (53% eða hærra) sem félagið stendur fyrir en námskeið innanlands og utan eru mikilvægust. 67% þátttakenda höfðu tekið þátt í námskeiði á Schæffergården og 34% í námskeiðum á vegum Nordspråk. Þátttaka í ráðstefnum félagsins var 65,8%, á fræðslufundum 86,8% og 43% hafa tekið þátt í jólahlaðborði félagsins. Tæp 68% þátttakenda höfðu farið á heimasíðu félagsins undanfarna 12 mánuði og rúm 84% eru í Fésbókarhópnum *Dönskukennarar á Íslandi*.

### Samantekt úr svörum við spurningu 14

#### Annað sem þú vilt koma á framfæri

Almennt eru félagsmenn ánægðir með FDK og þá viðburði sem félagið hefur staðið fyrir. FDK er virkt félag og starfsemin mikilvæg. FDK beiti sér fyrir tungumálinu dönsku og faginu dönsku í grunnskóla- og framhaldsskóla. FDK standi fyrir stjórnendafræðslufundi um málefni tengd dönsku m.a. varðandi mikilvægi tungumálsins og það sem snýr að *Aðalnámskrá grunn- og framhaldsskóla* og fyrir fræðslufundi/ráðstefnu þar sem umræða færi fram um „gjána“ sem myndast hefur eftir að áfanginn 103 var felldur út í framhaldsskólanum. Félagsmenn eru hvattir til að berjast fyrir jafnræði í tungumálakennslu í grunnskólum samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla*. Að mismunur sé milli skóla varðandi tímafjölda til kennslu erlendra tungumála sem þó eru skyldugreinar í grunnskólanum. Samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla* skulu nemendur útskrifast með sömu færni í báðum tungumálum. Að nemendur hafi ekki möguleika á að ná þeim hæfni- og matsviðmiðum sem gert er ráð fyrir. Að það sé ópolandi staða fyrir dönskukennara að þurfa að berjast fyrir kennslutímafjölda í greininni. Miklu máli skiptir að hafa faglærða dönskukennara, að lítil nýliðun sé meðal dönskukennara og að standa þurfi vörð um dönskukennslu í landinu.

Spennandi væri ef dönskukennarar settu upp sameiginlegan verkefnabanka. Að staðið yrði fyrir ljóða- eða smásögukeppni meðal nemenda og jafnvel kennara. Að félagið ætti að geta skapað vettvang þar sem hægt væri að deila myndböndum, unnum af nemendum, t.d. með youtube-rás. Að félagið væri of stórborgarmiðað í athöfnum sínum en að fjarfundabúnaður sem notaður hefur verið á fræðslufundum og ráðstefnum væri til bóta. Gott væri að fundirnir væru teknir upp og settir á heimasíðu félagsins.

Stjórn FDK hefur að undanfögnu safnað gögnum um áfangaframboð í **dönsku** í framhaldsskólunum. Verið er að vinna úr þeim og verður grein um niðurstöðurnar birt í næsta tölublaði Málfríðar.

### Sumarkveðja til félagsmanna Stjórnin

Ábyrgðarmaður: Margrét Karlsdóttir  
margret@hvaleyrraskoli.is